

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að deiliskipulagi.

Vatnsendahvarf. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. nóvember 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýju íbúðarhverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun og þjónustu. Í tillögunni er gert ráð fyrir 500 íbúðum alls í sérbýli (einbýli, raðhús/parhús), klasabyggingum og fjölbýlishúsum á 2-3 hæðum auk kjallara. Deiliskipulagssvæðið er um 29 ha og liggur að mörkum fyrirhugaðs Arnarnesvegar, Kórahverfis og Hvarfa í Vatnsenda.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 7. febrúar 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. febrúar 2024